

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 15/1990.

**Þorsteinn Garðarsson og  
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

**Stjórnuplasti sf.**

(Othar Örn Petersen hrl.).

Skaðabætur. Ráðgjöf. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. janúar 1990. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 86/1981 um iðnráðgjafa, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, var meðal helstu verkefna iðnráðgjafa „að hjálpa iðnfyrirtækjum og aðilum, sem hyggja á iðnrekstur, að greina þörf sína fyrir sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar um, hvar slíka aðstoð sé að fá“. Iðnráðgjafi átti að vera „tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins og þeirra aðila, sem starfa í iðnaði og að iðnaðarmálum í landshlutanum“. Þá skyldu iðnráðgjafar „aðstoða sveitarstjórnir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga við athuganir á nýjum viðfangsefnum í iðnaði“.

Fyrir liggur, að áfrýjandi Þorsteinn Garðarsson kynnti í september 1984 meðal annarra forráðamönnum stefnda þá hugmynd að iðnframleiðslu, er lýst var í bréfi danska ráðgjafarfyrirtækisins Scankey a/s til áfrýjanda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 7. september 1984. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir þessu. Fyrirsvarsmenn stefnda sömdu síðan við Scankey a/s um milligöngu við kaupin og ráðgjöf. Greiddu þeir fyrirtækinu 45.000 danskar krónur fyrir, en kaupverð tækjanna nam hins vegar 150.246 dönskum krónum.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, reyndust tæki þau, sem keypt voru, hafa takmarkaðri framleiðslueiginleika en stefndu töldu, að ráða mætti af kynningargögnum þeim, sem fyrir lágu í upphafi frá Scankey a/s. Er og ljóst, að nokkurs misræmis gætti í gögnum þessum, sem hefði átt að gefa öllum þeim, er hér áttu hlut að máli, tilefni til nánari athugana. Hefði þurft frekari aðstoð sérfróðra manna á sviði vélfræði og iðnrekstrar en hið danska fyrirtæki virðist hafa látið í té, til þess að unnt hefði verið að fá skýra mynd af vélbúnaðinum og rekstrargrundvelli fyrirtækis þess, sem stofna átti.

Áfrýjandi Þorsteinn Garðarsson var fyrirsvarsmönnum stefnda í upphafi til ráðuneytis um þau viðskipti, sem þarna tókust. Ekki er í ljós leitt, í hverju leiðbeiningar hans, sem látnar voru í té án endurgjalds, voru nákvæmlega fólgnar. Á hinn bóginn er ósannað, að hann hafi á svo ófullnægjandi hátt rækt þær skyldur, sem á honum hvíldu sem iðnráðgjafa, sbr. lög nr. 86/1981, að fullnægt sé laga-skilyrðum fyrir skaðabótaábyrgð áfrýjenda gagnvart stefnda. Í þessu efni ber og að hafa í huga skyldur forráðamanna stefnda um gæslu hagsmuna hans sem kaupanda í verslunarkaupum samkvæmt grunnreglum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Þorsteinn Garðarsson og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnda, Stjórnuplasts sf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

**Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.**

Ég tel, að ráðgjöf þeirri, sem áfrýjandinn Þorsteinn veitti fyrirvarsmonnum stefnda, hafi verið verulega áfátt. Það, sem ég tel þó, að ráðið hafi úrslitum um, hvernig til tókst, hafi verið það, að vélar þær, sem um er fjallað í málinu, voru ekki skoðaðar með aðstoð

sérfróðra manna, áður en til kaupanna var stofnað, og kannað, hvort þær væru í samræmi við þær hugmyndir sem stefndu gerðu sér um þær. Á þessu bera fyrirvarsmenn stefnda sem kaupanda ábyrgð, en ósannað er, að það hafi verið áfrýjandinn Þorsteinn, sem réð því, að það var ekki gert.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómara Hæstaréttar.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1989.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Stjórnuplast sf., Stjórnusteinum 7, Stokkseyri, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. okt. 1988, gegn Þorsteini Garðarssyni, fyrrverandi iðnráðgjafa, Ljósumýri 5, Garðakaupstað, og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Austurvegi 38, Selfossi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 1.259.983,63 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu, er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Vegna málsins hafa gefið skýrslur fyrir dóminum stefndi Þorsteinn Garðarsson, tveir eigenda stefnanda, þeir Magnús Sigurjónsson og Hörður Pálsson, Hjörtur Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Jónsson, fyrrverandi iðnráðgjafi hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Þorleifur Þór Jónsson viðskiptafræðingur, Margrét Frímansdóttir, alþingismaður og oddviti Stokkseyrarhrepps, Björn Jensen rennismiður, Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri, Páll Árnason efnafræðingur og Guðmundur Sigmundsson sveitarstjóri.

#### *Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 27. apríl 1984 hafi stefndi Þorsteinn Garðarsson undirritað f. h. stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga ásamt Margréti Frímansdóttur, oddvita hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps, samning við danska firmað Scankey a/s þess efnis, að Scankey a/s annaðist ráðgjöf og leitaði eftir nýjum iðnaðarmöguleikum og framleiðslutækjum til notkunar á Stokkseyri.

Á grundvelli þessa samnings hafi verið haldinn kynningarfundur í ágúst 1984 með stefnda Þorsteini Garðarssyni, Margréti Frímansdóttur og Guð-

mundi Sigvaldasyni, sveitarstjóra Stokkseyrarhrepps, þar sem forsvarsmáður danska ráðgjafarfyirtækisins hafi kynnt framleiðslu ýmiss konar lista og ýmissa smáhluta. Í framhaldi af þessu hafi danska ráðgjafarfyirtækið sent Þorsteini Garðarssyni bréf, dags. 7. sept. 1984, þar sem boðin voru til kaups tæki til framleiðslu ýmissa plasthluta.

Í bréfi þessu segir m. a.:

„Under henvisning til dels vore samtaler på Island og møde i Stokkseyri Kommune fremsendes projekt for fremstilling af glidestænger til ophæng af gardiner, forhæng m. v. i 3 eksemplarer.“

„Desuden kan systemet anvendes til drivhuse, mistbænke og tætning af vinduer, og jeg henviser iøvrigt til udleverede materiale ved mødet i Stokkseyri.“

Enn fremur segir m. a. í bréfi þessu, að tilboð þetta sé það hagstætt, að ráðlegast væri að ganga til samninga svo fljótt sem kostur væri. Tekið var fram, að tilboðið stæði til 1. október 1984. Ráðgjafarfyirtækið Scankey a/s átti samkvæmt tilboðinu að fá ákveðin umboðslaun, en seljandi tækjanna og vörulagersins var danska fyirtækið Skanding a/s.

Þetta tilboð kynnti Þorsteinn Garðarsson á fundi atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps 3. sept. 1984, og samþykkti nefndin að lýsa eftir þeim, sem áhuga hefðu á að kanna þessi mál nánar við hið danska ráðgjafarfyirtæki. Hinn 18. sept. 1984 var haldinn fundur í atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps, og í fundargerð á dskj. 5 er bókað svo: „Lögð voru fram gögn frá Scankey a/s og Þorsteini Garðarssyni varðandi kaup á tækjum til framleiðslu gardínubrauta og tilheyrandi, sbr. síðustu fundargerð. Samþykkt var, að aflað yrði nánari upplýsinga um iðnaðarkost þennan, m. a. um orkuþörf, og þeim komið til þeirra aðila, sem sýnt hafa málinu áhuga, jafnframt því, að leitað verði eftir svörum frá þeim um hugsanlega þátttöku í þessu verkefni.“

Í framhaldi af þessu áttu fyrirvarsmenn stefnanda fund með atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps 21. sept. 1984, þar sem iðnaðarkostur þessi var kynntur. Á fundinum hafi Þorsteinn Garðarsson kynnt kaupverð tækja og efnis og lagt fram arðsemisútreikninga. Hann hafi lagt áherslu á, að hér væri á ferðinni góður iðnaðarkostur og að tilboðið gilti aðeins til 1. október 1984. Fyirtækið væri starfrækt, en eigandinn væri að fara á eftirlaun og vildi nú selja verksmiðjuna á einu bretti. Fyrirvarsmenn stefnanda hafi spurt, hvort ekki væri rétt að fara til Danmerkur og skoða þessa verksmiðju. Því hafi verið svarað, að ráðgjafarfyirtæki þetta væri viðurkennt og að auki væri iðnráðgjafi til aðstoðar, sem sæi til þess, að allt yrði í góðu lagi.

Á grundvelli þessa hafi fyrirvarsmenn stefnanda ákveðið að kaupa áður-nefnd tæki og meðfylgjandi vörulager. Staðfesting um þetta hafi verið send

hinu danska ráðgjafarfyrirtæki 20. sept. 1984, svo í stefnu, en bréfið, sem lagt hefur verið fram sem dskj. 8, ber það með sér, að skrifað hefur verið ofan í dagsetningu. Staðfestingu þessa undirrituðu Þorsteinn Garðarsson f. h. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Magnús Sigurjónsson.

Undirbúningsfundur vegna kaupanna hafi verið haldinn í Reykjavík 15. nóv. 1984. Þar hafi hist væntanlegir kaupendur, fyrirsvarsmaður Scankey a/s og Þorsteinn Garðarsson. Sama dag hafi samningur á milli stefnanda og Scankey a/s verið undirritaður í Reykjavík og 26. nóv. 1984 í Kaupmannahöfn.

Í samráði við Þorstein Garðarsson hafi starfseminni verið fundinn staður í bílskúr að Stjörnusteinum 7, Stokkseyri, skúrnum breytt og hann innréttaður í samræmi við þarfir starfseminnar skv. teikningu frá seljanda tækjanna, Skanding a/s.

Tækin hafi verið leyst úr tolli 18. janúar 1985, og til landsins komu menn, sem settu tækin upp og prófuðu þau. Tækin sjálf hafi virst í lagi að öðru leyti en því, að framleiðslumöguleikar þeirra hafi verið allt aðrir og minni en kynnt hafði verið í upphafi. Strax hafi verið ljóst, að vélarnar framleiddu ekki plastlista og handklæðaklemmur, eins og sýnt hafi verið á kynningarfundinum í ágúst 1984.

Þegar fyrirsvarsmenn stefnanda urðu þess áskynja, að ekki var allt með felldu, hefðu þeir þegar óskað eftir því, að Þorsteinn Garðarsson kæmi á fund þeirra. Síðar hefðu þeir leitað til sveitarstjóra og oddvita Stokks-eyrarhrepps, sem hefði komið ásamt Þorsteini Garðarssyni og verið sammála, eftir að hafa skoðað tækjabúnaðinn, að hann og framleiðslumöguleikar hans væru allt aðrir en gert hafði verið ráð fyrir og kynnt á fundum atvinnuálanefndar. Hefði Þorsteinn Garðarsson lofað að hafa þegar samband við Scankey a/s til að fá skýringar á því, sem fyrirsvarsmenn stefnanda töldu vanefndir samningsins.

Hinn 4. mars 1985 hefði atvinnuálanefnd Stokks-eyrarhrepps komið saman að beiðni stefnanda til að fjalla um meintar vanefndir Scankey a/s. Fyrirsvarsmenn stefnanda hefðu gert grein fyrir stöðu mála á fundinum. Allir fundarmenn hefðu verið sammála um það, að efndir Scankey a/s væru á annan veg en um hefði verið rætt í upphafi og ekki í samræmi við yfirlýsingar fyrirsvarsmanna Scankey a/s og Þorsteins Garðarssonar iðnráðgjafa á fundum nefndarinnar.

Hinn 19. mars 1984 hefði verið haldinn fundur þeirra Knut Gravad f. h. Scankey a/s, Þorsteins Garðarssonar, Guðmundar Sigvaldasonar, Margrétar Frímansdóttur og fyrirsvarsmanna stefnanda. Á fundinum hefði Knut Gravad talið allt of mikið gert úr takmarkaðri framleiðslugetu tækjabúnaðarins og aukaatriði væri, hvað þyrfti að flytja inn og hvað væri hægt að framleiða hér á landi. Hér væri um arðvænlegan iðnrekstur að ræða,

og því skipti mestu máli að hefja framleiðslu sem fyrst. Þeir Knut Gravad og Þorsteinn Garðarsson hefðu ráðlagt fyrirsvarsmönnum stefnanda að markaðssetja vöruna og reiknað út verð og gefið ýmis ráð.

Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi í lengstu lög viljað stefna að settu marki, enda hafi þeir lagt út í mikinn kostnað. Hafi því verið settur kraftur í sölu-málin og hannaðir ýmsir smíðisgripir á sviði garðræktar. Þegar allar vélar voru settar í gang og hefja átti framleiðslu með fullum afköstum, hafi komið í ljós, hve ástand tækjabúnaðarins var raunverulega slæmt, vélarnar gamlar og úr sér gengnar, mót, sem fylgdu vélunum, hafi ekki passað í þær og hið eina, sem vélarnar afköstuðu, hafi verið að framleiða tappa í gardínubrautirnar.

Hinn 9. maí 1985 hafi Þorsteinn Garðarsson iðnráðgjafi sent bréf til Scankey a/s f. h. stefnanda og farið fram á, að kaupin gengju til baka og vörunni skilað. Þessu hafi Scankey a/s hafnað með bréfi, dags. 22. júlí 1985, til Þorsteins Garðarssonar og Guðmundar Sigvaldasonar.

Með bréfi, dags. 12. febrúar 1986, hafi þess verið farið á leit við Iðntæknistofnun Íslands, að hún gerði ýtarlega úttekt á hinu keypta og möguleikum framleiðslunnar hér á landi. Úttekt Iðntæknistofnunar hafi legið fyrir 7. apríl 1986. Úttektin staðfesti, að enginn grundvöllur hefði verið fyrir iðnrekstri þessum. Í úttektinni komi jafnframt fram, að hefði stefndi Þorsteinn Garðarsson sýnt lágmarksfyrirhyggju og gert nauðsynlegar athuganir, hefði aldrei verið ráðist í þessar framkvæmdir.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfugerð sína í málinu á því, að stefndi Þorsteinn Garðarsson, fyrrverandi iðnráðgjafi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, beri ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir, og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga beri ábyrgð á því tjóni, sem starfsmaður þess hafi valdið með aðgerðum sínum og aðgerðaleyzi.

— — —

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefnda Þorsteins Garðarssonar á l. nr. 86/1981 um iðnráðgjafa með síðari breytingum, sbr. l. nr. 103/1985, svo og almennum reglum skaðabótaréttarins og dómafordæmum.

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á reglum skaðabótaréttarins um vinnuveitenda-ábyrgð.

— — —

*Málsástæður og lagarök stefndu.*

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að stefndu hafi hvorki hvatt stefnanda til þeirra viðskipta, sem málið snýst um, átt aðild að þeim viðskiptum

né verið beðnir um ráðleggingar, þá er kaup gerðust, eða mat á hlutum þeim, sem fyrirhugað var að kaupa. Stefnu hafi aldrei látið að því liggja, að hér væri um skynsamleg kaup af hálfu stefnanda að ræða. Ákvörðun um viðskipti þau, sem mál þetta snýst um, hafi því verið með öllu í höndum stefnanda, enda liggi fyrir, að hann hafi sjálfur án atbeina stefnu gert sérstakan samning við Scankey a/s um ráðgjöf og við fyrirtækið Skanding um kaup á vélum og tækjum. Stefnu hafi hvorki verið spurðir ráða í því sambandi né beðnir að kynna sér þá hluti, sem boðnir voru fram til kaups. Ákvörðun um kaupin hafi að öllu leyti verið stefnanda og stefnu hvorki verið sérstakir starfsmenn né ráðgjafar stefnanda. Í því sambandi er bent á, að stefnandi hafi aldrei greitt stefnu neitt vegna þessa máls, og því fráleitt að halda því fram, að stefnu hafi tekið að sér einhver sérhæfð störf í þágu stefnanda.

Vegna kröfugerðar á hendur stefnda Þorsteini Garðarssyni er á það bent, að í l. nr. 86/1981 séu almenn ákvæði um starfssvið iðnráðgjafa og ekki verði annað séð en Þorsteinn hafi rækt þau störf af sérstakri natni og eljusemi. Hins beri svo að geta, að iðnráðgjafi hafi ekki þær starfsskyldur að leita til manna og falast eftir, að þeir nýti sér þjónustu hans, það sé hverjum og einum í sjálfvald sett. Stefndi Þorsteinn hafi veitt stefnanda allar þær upplýsingar, sem óskað var eftir, og einnig hafi hann farið fram á við stefnanda, að hann aflaði sér frekari upplýsinga, áður en lagt væri út í kaup. Þessu til viðbótar er bent á, að þrátt fyrir það, að iðnráðgjafi hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum sem skyldi, sé það ekki afsökunarástæða fyrir stefnanda að gæta ekki þeirrar varúðar og skoðunarskyldu, sem almennt er talin eðlileg, áður en kaup eru gerð, sbr. l. nr. 39/1922. Ljóst sé, að stefnandi hafi ekki gætt þeirrar almennu reglu um skoðun á því, sem hann kaupir, áður en kaup voru gerð, og ábyrgð á því verði ekki felld á neinn annan en hann sjálfan. Tilvist iðnráðgjafa heimili engum að haga sér eins og kjáni og krefja síðan um bætur úr hendi iðnráðgjafans.

Ekki verði á það fallist, að stefndi Þorsteinn hafi farið að með öðrum hætti en þeim, sem eðlilegur verði að teljast. Hann hafi t. d. gætt þess jafnan að brýna fyrir stefnendum að kynna sér málin sem best og að ábyrgðin væri þeirra að vanda nógu vel til undirbúnings. Ekki verði séð, á hvaða rökum stefnandi reisi kröfur sínar á hendur stefnda Þorsteini, með skírskotun til almennra reglna skaðabótaréttarins, og því síður liggi fyrir, hvaða dómaförðæmi stefnandi eigi við, sem hafi þýðingu fyrir mál þetta.

Samkvæmt lögum um iðnráðgjafa nr. 86/1981 taki iðnráðgjafi laun úr ríkissjóði, en í þessu tilviki hafi það verið Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, sem hafi ráðið Þorstein til starfans. Vafi geti því leikið á, hvers sé húsbóndaábyrgðin, komi til þess að meta, hvort sú ábyrgð hafi í raun nokkra þýðingu í málinu.

Vakin er athygli á 3. og 6. tl. á dskj. 21, en í 3. tl. komi fram, að stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að kynna sér fyrirbyggjandi gögn varðandi málið, og í 6. tl. nefni starfsmenn Iðntæknistofnunar Íslands þær ástæður, sem þeir telja, að hafi valdið því tjóni, sem hlaust í málinu. Á þessum hlutum beri stefndu enga ábyrgð.

*Niðurstaða.*

Viðskipti þau, sem málið er af risið, komust á fyrir tilstilli stefndu, sem höfðu, eins og að framan er rakið, ásamt oddvita Stokkseyrarhrepps gert samning við danska fyrirtækið Scankey um ráðgjöf og að leitað yrði að nýjum iðnaðarmöguleikum og framleiðslutækjum til notkunar á Stokkseyri. Í framhaldi af þessum samningi kynnti stefndi Þorsteinn Gardarsson, þáverandi iðnráðgjafi stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga iðnaðarkost þann, sem stefnandi síðar keypti, fyrir atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps. Síðar var þessi iðnaðarkostur kynntur á almennum hreppsfundi á Stokkseyri með aðstoð stefnda Þorsteins Gardarssonar.

Þegar litið er til stöðu og starfsskyldna iðnráðgjafa skv. l. nr. 86/1981 og tilgangs laganna, eins og honum er lýst í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi laganna, verður að telja, að þegar iðnráðgjafinn kynnti þann iðnaðarkost, sem stefnandi keypti, fyrst fyrir atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps og svo á almennum hreppsfundi á Stokkseyri, hafi í því falist ákveðið mat eða viðurkenning iðnráðgjafans á þessum iðnaðarmöguleika. Kynning iðnráðgjafa á iðnaðarmöguleika, sem hann annaðhvort hefur enga skoðun á eða telur lítt fýsilegan, er ekki í samræmi við tilgang þeirra laga, sem iðnráðgjafanum bar að starfa eftir. Kynning iðnráðgjafa á almennum hreppsfundi, sem atvinnumálanefnd hreppsins boðaði til, var til þess fallin að auka tiltrú fyrirvarsmanna stefnanda og annarra á iðnaðarkosti þessum.

Þá er fyrirvarsmenn stefnanda sýndu málinu áhuga, var það í verkahring iðnráðgjafans að athuga sérstaklega, hvort þessi iðnaðarkostur hentaði þeim, eða þá koma fyrirvarsmönnum stefnanda í samband við einhverja aðila, sem gætu aðstoðað þá við athugun á möguleikum og hagkvæmni þessa iðnaðarkosts, þar á meðal framleiðslu- og markaðsmöguleika. En töluvert misræmi reyndist vera á framleiðslumöguleikum hins keypta og svo lýsingu á hinu keypta í ýmsum skjölum málsins, sem mörg gefa til kynna, að tækin séu til framleiðslu á gáðinustöngum eða rennibrautum fyrir gluggatjöld, svo sem dskj. 3, sem er kynningarrit frá Scankey, en þar blasir við á kápusíðu í gluggaramma „Projekt Fremstilling af glidestænger til gardiner.“ Á bls. 1 í þessu riti segir: „Projekt - fremstilling af glidestænger til gardiner. Vort forslag omhandler etablering af en produktion af glidestænger til ophæng af gardiner ...“. Á bls. 3 í þessu dómskjali kemur fram, að kaupa eigi rennibrautirnar. Á dskj. 12 er fjallað um „projekt for frem-

stilling af glidestænger til gardiner“. Þetta misræmi hefði átt að vera tilefni fyrir iðnráðgjafann til sérstakrar athugunar og leiðbeiningar, hvað varðaði framleiðslumöguleika hins keypta.

Eftir að hið keypta var komið í hendur stefnanda, kom í ljós, að það var hvorki til framleiðslu á gardínustöngum né rennibrautum í gardínustengur, heldur einungis á fylgihlutum með gardínustöngum, sem að sögn fyrirsvarsmanna stefnanda ekki er markaður fyrir.

Iðnráðgjafinn aðstoðaði fyrirsvarsmenn stefnanda við stofnun sameignarfélags til reksturs iðnaðarkostsins og sagði fyrir um fyrirkomulag í húsnæði stefnda. Við þetta starf hefði iðnráðgjafanum átt að verða ljóst, hvaða væntingar fyrirsvarsmenn stefnanda gerðu sér um hið keypta, og jafnframt, að gögn frá danska ráðgjafarfyrirtækinu og danska seljandanum voru til þess fallin að valda misskilningi um framleiðslugetu þess, sem stefnandi var að kaupa, og þess vegna bar iðnráðgjafanum að vekja sérstaklega athygli fyrirsvarsmanna á því, hvað var hægt að framleiða með hinu keypta. Takmarkaðir framleiðslumöguleikar hins keypta hefðu átt að vera iðnráðgjafanum tilefni til sérstakrar athugunar á markaðsmöguleikum þess, sem hægt var að framleiða.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að fallast á það með stefnanda, að stefndi Þorsteinn Garðarsson hafi með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi í starfi sínu sem iðnráðgjafi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga valdið stefnanda tjóni, og á því ber hann bótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi Þorsteinn Garðarsson var í starfi sínu sem iðnráðgjafi starfsmaður stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem réð hann til starfa. Ber stefndi Samtök sunnlenskra sveitarfélaga samkvæmt almennum reglum um vinnuveitendaábyrgð bótaábyrgð in solidum með stefnda Þorsteini Garðarssyni á tjóni stefnanda, enda skiptir ekki máli í því sambandi, að stefndi Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafi fengið framlag úr ríkissjóði upp í kostnað vegna starfs iðnráðgjafans.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur, að því er varðar 1/3.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 182.000 kr., þ. m. t. söluskattur, og vitnaþóknun með vöxtum, eins og segir í dómsorði. Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Þorsteinn Garðarsson og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, greiði in solidum stefnanda, Stjórnuplasti sf., 710.308 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].